

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal 1975-1995, iðnaðarsvæði austan við byggðina í Vík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal 1975-1995 frá 11. ágúst 1977.

Breytingin varðar landnotkun austan við byggðina í Vík, óbyggt svæði verður svæði fyrir iðnað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Mýrdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995 - 2015, iðnaðarsvæði norðan Ölfusár á Selfossi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996.

Breytingin varðar landnotkun norðan Ölfusár, opin svæði óbyggð verða iðnaðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 - 2008, Austurvegur, Eyjabbyggð og Búðartangi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 - 2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin varðar landnotkun við Austurveg þar sem svæði fyrir íbúðir verður opið

svæði til sérstakra nota. Opið svæði óbyggt við Austurveg verður svæði fyrir íbúðir. Opið svæði til sérstakra nota og opið svæði óbyggt verður svæði fyrir sumar-/orlofshús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Seyðisfjörð.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 5. júlí 2002 staðfest tillögur hættumatsnefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar að hættumati fyrir Seyðisfjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 5. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002 - 2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Ytri-Torfu-STAÐAREPPS 1996-2016, aðalskipulag Hvammstanga 1992-2012 og aðalskipulag að Reykjum við Hrutafjörð 1994-2014.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.